

Fimmtudaginn 7. mars 1985.

Nr. 190/1982. **Svavar Ingibergsson**

(Jón G. Briem hdl.)

gegn

Protabúi Stálbergs h/f

(Sveinn Snorrason hrl.)

Kröfu um riftun kaupsamnings hafnað. Útivist stefnda í héraði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Guðmundur Jónsson og Magnús Thoroddsen.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 28. september 1982. Hann gerir þær dómkröfur, að stefndi verði dæmdur til að þola riftun á samningi sínum og Stálbergs h/f 24. ágúst 1981 um kaup á seilingarvél SL-3, að stefndi verði dæmdur til að endurgreiða það, sem greitt hefur verið af kaupverðinu, 39.000,00 krónur, auk 34% ársvaxta frá 24. ágúst 1981 til birtingar héraðsdómsstefnu, en dómvaxta frá þeim degi til greiðsludags, og að stefndi verði dæmdur til að greiða málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Eftir áfrýjun héraðsdóms hefur bú Stálbergs h/f verið tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði skiptaréttar Reykjavíkur 2. febrúar 1983. Hafði þá verið sótt þing fyrir Hæstarétti af hálfu félagsins. Protabúið hefur nú tekið við aðild málsins, sbr. 3. mgr. 54. gr. laga nr. 85/1936.

Eins og rakið er í hinum áfrýjaða dómi, gerðu málsaðiljar með sér samning 24. ágúst 1981, þar sem stefndi tók að sér að smíða seilingarvél SL-3 fyrir áfrýjanda. Galt áfrýjandi helming kaupverðsins með víxlum við undirskrift samningsins, en eftirstöðvar skyldi hann greiða „við móttöku vélarinnar samkvæmt nánara samkomulagi“. Ekki var tekið fram, hvar afhendingarstaður vélarinnar ætti að vera, og verður því að líta svo á, að hann hafi verið á atvinnustöð stefnda, sbr. 9. gr. laga nr. 39/1922 um lausafjárkaup. Stefndi staðhæfir, að vélin hafi verið tilbúin til afhendingar 27. nóvember 1981 og hafi hann þá boðist til að afhenda áfrýjanda hana, en áfrýj-

andi hafi ekki talið sig geta tekið við henni þá sakir peningaleysis. Aftur kveðst stefndi hafa boðist til að afhenda vélina í ársbyrjun 1982, en áfrýjandi hafi ekki fengist til að taka við henni. Sé því um viðtökudrátt að ræða af hans hálfu.

Af hálfu áfrýjanda er því hins vegar haldið fram, að hann hafi ekki fengið vélina afhenta á umsömdum tíma, þar sem hún hafi ekki verið tilbúin. Það hafi verið ákvörðunarástæða hjá sér við kaupin, að hann fengi vélina afhenta í nóvember, því hafi sér verið heimil riftun.

Það styrkir fullyrðingu stefnda um peningaleysi og viðtökudrátt áfrýjanda, að hann greiddi ekki á gjalddaga víxla þá, er hann hafði afhent stefnda til greiðslu á helmingi kaupverðs við undirskrift samningsins.

Áfrýjandi hefur ekki sýnt fram á eða gert líklegt, að hann hafi boðið fram greiðslu á eftirstöðvum kaupverðsins eða boðist til að semja um greiðslu á því, en stefndi var eigi skyldugur til að afhenda vélina, fyrr en samið hafði verið um greiðslu eftirstöðvanna. Það var ekki fyrr en hafist var handa um innheimtu annars víxilsins, að áfrýjandi tilkynnti stefnda riftun. Hefur áfrýjandi ekki rennt neinum stöðum undir þá staðhæfingu sína, að hann hafi ekki getað fengið vélina afhenta á umsömdum tíma. Verður því ekki talið, að um afhendingardrátt hafi verið að ræða af hálfu stefnda.

Samkvæmt því, sem hér hefur verið rakið, ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm að niðurstöðu til.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, 17.000,00 krónur.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Svavar Ingibergsson, greiði stefnda, þrotabúi Stálbergs h/f 17.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 30. júní 1982.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 25. júní sl., hefur Svavar Ingibergsson, nnr. 8676-9557, Túngötu 6, Sandgerði, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur

með stefnu, birtri 17. mars 1982, á hendur Stálbergi h.f., nnr. 8328-8345, Hamarshöfða 2, Reykjavík.

Stefnukröfur eru þær, að stefndi verði dæmdur til að þola riftun á samningi aðilja, dags. 24. ágúst 1981, um kaup á seilingarvél SL-3, að stefndi verði dæmdur til að endurgreiða það, sem búið sé að greiða af kaupverðinu, kr. 39.000,00, auk 34% ársvaxta frá 24. ágúst 1981 til birtingardags stefnu, en dómvaxta frá þeim degi til greiðsludags, og að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað að skaðlausu skv. lágmarksgjaldskrá L.M.F.Í.

Af hálfu stefnda var sótt þing og gerðar þær dómkröfur, að stefndi yrði afarið sýknaður í máli þessu og honum tildæmdur málskostnaður.

Undir rekstri málsins féll síðan niður þingsókn af hálfu stefnda.

Sættir hafa verið reyndar árangurslaust.

II.

Kröfur sínar byggir stefnandi á því, að þeir stefndi hafi gert með sér samning þann 24. ágúst 1981 um, að stefndi skyldi smíða fyrir stefnanda vél, sem kallast seilingarvél SL-3. Afhending vélarinnar hafi átt að fara fram í síðasta lagi í nóvember 1981. Vélin hafi enn ekki verið afhent. Umsamið verð vélarinnar hafi verið kr. 64.600,00 auk söluskatts og verðhækkunar á efni og vinnu, sem kynni að verða fram að afhendingu. Helmingur kaupverðs hafi verið greiddur við undirskrift samnings. Greiddar hafi verið kr. 32.500,00 auk vaxta, kr. 6.500,00, eða alls kr. 39.000,00. Greiðslan hafi verið innt af hendi með 2 víxlum, samþykktum af kaupanda. Annar víxillinn hafi verið að fjárhæð kr. 17.550,00 með gjalddaga 24. október 1981. Hinn víxillinn hafi verið að fjárhæð kr. 21.450,00 með gjalddaga 24. desember 1981. Með símskeyti, dags. 11. febrúar 1982, hafi stefnandi rift kaupunum. Sama dag hafi hann sent stefnda ábyrgðarbréf og hraðbréf, þar sem gerð sé nánari grein fyrir kröfum stefnanda.

Stefnandi kveður víxlana vera ógreidda og hafi stefndi höfðað áskorunarmál á hendur sér til greiðslu þeirra.

Stefnandi kveðst rifta kaupunum á grundvelli 21. gr. kaupalaga nr. 39/1922. Sú grein sé talin eiga við hér, vegna þess að afhendingardrátturinn hafi haft veruleg áhrif á hagsmuni stefnanda, sem reki fiskverslun í Sandgerði. Einnig hafi greinilega verið um það samið, að vélin yrði afhent á nákvæmlega tilteknum tíma, þ.e. í síðasta lagi í nóvember. Í þriðja lagi sé byggt á, að lokamálsgrein 21. gr. eigi við hér. Þá krefji stefnandi endurgreiðslu á því, sem hann hafi greitt upp í kaupin, auk vaxta og kostnaðar.

Stefndi styður sýknukröfu sína þeim rökum, að sala hafi verið hafin á vélum þessum sumarið 1981 og hafi verið seldar 40 vélar með afhendingu

í septemberlok og 50 vélar með afheningu í nóvemberlok. Byrjað hafi verið að gera efnispantanir í júlí 1981 og hafi smíði hafist í ágúst s.á. Fljótlega hafi farið að bera á því, að ýmiss efnisskortur háði smíðinni, aðallega vegna þess að fyrirtæki hér höfðu ekki nægilegt magn af ýmsu efni, þegar smíða átti jafn mikið magn og um var að ræða. Hafi orðið að panta sérstaklega að utan ýmis efni og hafi það verið gert bæði af fyrirtækjunum sjálfum svo og af stefnda. Hafi ýmiss dráttur orðið á, að efni kæmi á umsómdum tíma. Þá hafi pantanir verið ranglega afgreiddar og hafi t.d. af þeim sökum orðið um mánaðartöf á afgreiðslu stáls.

Þá hafi pöntun á áli hjá Innkaupum h.f. brugðist og stuðlað að seinkun afgreiðslu. Síðan hafi endastoppsrofar í vélarnar ekki komið fyrir en 8. október til landsins, og átti þá eftir að setja þá í allar vélarnar, sem afgreiðast áttu í september.

Fljótlega hafi komið í ljós, að kaupendur vildu almennt, að hannað yrði færiband á vélarnar, sem flytti hausana beint frá vélinni, og hafi verið byrjað að hanna það í septemberbyrjun. Hafi tekið 6 vikur að ljúka við hönnunina. Allt hafi þetta orði þess valdandi, að afgreiðsla þeirra 40 véla, sem afhenda átti í september, dróst fram í október, nóvember og desemberbyrjun. Afhending þeirra véla, sem afhendast áttu í nóvember, hafi hafist seinast í nóvember. Þann 27. nóvember 1981 hafi stefnanda verið boðin vél til afhendingar, þrátt fyrir að fyrri víxill hans með gjalddaga 24. október væri í vanskilum. Þá hafi stefnandi ekki talið sig geta tekið við vélinni vegna peningaleysis, þar sem hann hefði staðið í húsbýggingum. Seinni víxillinn hafi fallið í lok desember og í ársbyrjun 1982 hafi stefnanda verið boðin vél, en þá hafi hann farið að hafa orð á miklu peningaleysi og hann vildi biða, en helst að kaupin gengju til baka. Því hafi verið hafnað af hálfu Stálbergs h.f. og honum tjáð, að vél stæði til boða hvenær sem væri gegn uppgjöri. Engin formleg krafa um riftun hafi komið frá stefnanda fyrir en með símskeyti þann 11. febrúar 1982 til lögmanns stefnanda(sic). Sé riftun alfarið mótmælt af hálfu stefnda. Um afhendingardrátt hafi aldrei verið að ræða varðandi stefnanda, þrátt fyrir að seinkun yrði almennt á vélum. Stefnandi hafi verið einn af þeim fyrstu, sem boðin hafi verið vél til afhendingar af þeim, sem afhenda átti í nóvember, en peningaleysi af hálfu stefnanda hafi verið um að kenna.

Eins og áður greinir, féll niður þingsókn af hálfu stefnda undir rekstri málsins. Stefnandi lagði því fram sókn, þar sem hann mótmælir sýknukröfu stefnda. Kveður hann það rangt, að afhendingardráttur vélarinnar sé á einhvern hátt stefnanda að kenna eða á hans ábyrgð. Ennfremur mótmælir hann því, að sér hafi verið boðin vél til afhendingar innan þess tíma, sem stefndi hafi haft til afhendingar. Þá mótmælir stefnandi því, að vanskil hans á greiðslu víxlanna geti valdið því, að stefnda hafi verið rétt að draga

afhendingu vélarinnar. Ákvæði í kaupsamningi á dskj. nr. 3, í tölulið nr. 7, veiti stefnda ekki heimild til þess.

• III.

Stefnandi hefur lagt fram kaupsamning, dags. 24. ágúst 1981, undirritaðan af stefnanda og stefnda. Í 7. gr. samningsins segir svo: „Seljandi verður eigandi vélarinnar, þar til síðasti víxillinn er greiddur og getur tekið vélina til sín, ef greiðslufall verður á víxlum, einum eða fleiri.“ Samkvæmt fullyrðingu stefnanda hefur hvorugur víxillinn, sem stefnandi samþykkti sem greiðslu á útborgun vélarinnar, verið greiddur. Féll fyrri víxillinn í gjalddaga 24. október 1981, eða fyrir umsamin afhendingartíma vélarinnar. Með hliðsjón af 7. gr. samningsins verður að líta svo á, að stefndi hafi mátt halda vélinni, þar til umsamin greiðsla hafi farið fram. Þegar af þessum sökum ber að sýkna stefnda af kröfum stefnanda í máli þessu.

Málskostnaður dæmist ekki.

Sigríður Ólafsdóttir, settur borgardómari, kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Stálberg h.f., skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Svavars Ingibergssonar, í máli þessu.

Málskostnaður dæmist ekki.

Föstudaginn 8. mars 1985.

Nr. 196/1984. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)

gegn

Porgils Axelssyni

(Sigurður Georgsson hdl.)

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Magnús Thoroddsen og Þór Vilhjálmsson.

Ríkissaksóknari sem áfrýjaði þessu máli til Hæstaréttar að ósk